

Reykjavík, 16. september 2009

Fréttatilkynning

Rúmlega 130 milljónum króna úthlutað úr Menntaáætlun Evrópusambandsins til yfirfærsluverkefna á sviði starfsmenntunar

Í dag voru undirritaðir samningar um styrki úr Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Úthlutunarnefnd ákvað að undangengnu mati sérfræðinga að styrkja 3 verkefni en að þessu sinni bárust 7 umsóknir. Heildarkostnaður vegna verkefnanna nemur um 175 milljónum króna en þar af styrkir Leonardó áætlunin verkefnin um 131 milljón.

Verkefnin sem um ræðir eru svokölluð yfirfærsluverkefni en þau hafa það að markmiði að auka gæði og aðdráttarafli evrópska starfsmenntakerfisins með aðlögun og innleiðingu nýjunga á sviði starfsmenntunar til nýrra markhópa og starfsgreina innan starfsmenntakerfa í 31 Evrópulandi.

Styrkupp hæðir til einstakra verkefna eru rúmar 40 milljónir.

Verkefnin sem hljóta styrk eru:

1. KNOWHOW 2 (VERKLAG 2)

Myndlistaskólinn í Reykjavík hlýtur styrk til að þróa tvær 2ja ára námsbrautir í skapandi greinum og textíl. Verkefnið er unnið í samstarfi við Tækniskólann, list- og verkgreinaskóla í 3 Evrópulöndum og fyrirtæki á viðkomandi sviðum. Námið byggir á aðferðafræði skapandi verklags (non-verbal learning) sem Myndlistaskólinn hefur þróað. Efnisþekking og verklag eru útgangspunktur í báðum námsleiðum en með því er komið á tengingum milli ólíkra greina; hönnunar, myndlistar og skapandi iðnaðar. Sömuleiðis mun námið nýtast nemendum sem ekki finna sér farveg í hefðbundnu bóknámi. Námsleiðirnar munu enn fremur byggja á evrópskum viðmiðaramma um hæfni sem hefur verið innleiddur í íslenskt menntakerfi og þróað verður samhæft einingakerfi milli þátttökustofnana svo nemendur geti fengið nám sitt metið hjá menntastofnunum í öðrum Evrópulöndum.

2. SHEEPSKILLS (Sauðkindin; nám og þjálfun fyrir evrópska fjárbændur)

Landbúnaðarháskóli Íslands hlýtur styrk til að vinna að tveggja ára verkefni með sauðfjárbændum í 5 Evrópulöndum. Sauðfjárbændum og öðrum þeim sem vinna við sauðfé hefur fækkað mikið á undanförunum árum og meðalaldurinn hækkað. Verkefnið miðar að því að stuðla að betri nýtingu á þeim tækifærum sem felast í sauðfjárbúskap, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu og með þróun nýrra afurða eins og matvöru og handverks, með aukinni fræðslu og símenntun. Nýtt námsefni verður þróað og annað þýtt og staðfært. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi reynslu af fjárbúskap og námskeiðin verða viðurkennd af menntastofnunum í þátttökulöndunum.

3. REVOW - Recognition of the Value of Work (Viðurkenning á gildi starfa)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hlýtur styrk til að yfirfæra útkomu eldra verkefnis, Gildi starfa, sem var þróað til að meta nám á vinnustað og að meta færni einstaklinga á mótí sérstökum viðmiðunum um störf. Nýja verkefnið miðar að því að yfirfæra þá reynslu og þekkingu enn frekar til annarra landa en þeirra sem tóku þátt í fyrra verkefninu. Markhópar eru bankastarfsmenn og tæknifólk í rafiðnaði. Sömuleiðis verður aðferðafræðin endurskoðuð og þróuð nánar, m.a. dýpkuð tenging við evrópskan viðmiðaramma. Verkefninu er ætlað að styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði með stutt formlegt nám að baki.

Ísland hefur verið þátttakandi í Leonardó starfsmenntaáætluninni frá 1995 í gegnum EES samninginn. Árið 2007 rann Leonardó inn í nýja Menntaáætlun Evrópusambandsins. Leonardó starfsmenntahlutanum er ætlað að ýta undir ný viðhorf og geta af sér nýjungar í starfsmenntun, jafnt fyrir atvinnulíf og menntakerfi Evrópu. Helstu áherslur í þessari þróun eru að koma upp sameiginlegum ramma fyrir mat á getu og starfsfærni einstaklinga, innleiða aðferðir sem tryggja gegnsæi prófskírteina og hæfnisvottorða, auka hreyfanleika vinnuafis milli landa og skapa betri tækifæri til símenntunar í starfsmenntun.

Næsti umsóknarfrestur um styrki til yfirfærsluverkefna verður í febrúar 2010. Sjá upplýsingar á www.lme.is

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Landskrifstofu Leonardó, María Kristín Gylfadóttir verkefnisstjóri yfirfærsluverkefna mkg@hi.is, sími 8204752.